

L Ö G

um

ríkisskuldabréf.**8**
20. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabréf á íslensku, með þýðingu á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

2. gr.

Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Nafnverð brjefanna skal vera 100, 1000 eða 10000 kr. og rentan $4\frac{1}{2}$, 5 eða $5\frac{1}{2}\%$ p. a., og ákveður stjórnin hvern rentufótinn skuli nota um hvert skeið, svo og söluverð brjefanna. Vextir greiðast tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

3. gr.

Skuldabréfin skulu gefin út til 25 ára og með vaxtamiðum eða vaxtaávísunarmiðum fyrir það árabíl. Þegar sjerstaklega stendur á, má þó með áletrun á skuldabréf til taka annan umferðartíma.

4. gr.

Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabréfin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

5. gr.

Brjefin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts, og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru,

8
20 júní

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum, og öðrum stofnunum að annast slíkar greiðslur.

7. gr.

Skuldabrjefin ganga til enda útgáfutímans, án þess að vera dregin út eða á annan hátt innkölluð. Nú vill ríkissjóður draga inn af brjefum þeim, er úti eru, og má það að eins verða með frjálsum kaupum og sölum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

9
20. júní

L Ö G

um

skiftimynt úr eirnikkel.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel,